



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 29. ágúst 2022
MÍ202207-0041/ 6.08 / Þ.E.H.

Efni: Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar - breyting vegna Fjarðarheiðaganga

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf ritara umhverfis- og framkvæmdarsviðs Múlaþings frá 7. júlí 2022 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu vegna skipulagslýsingar fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna fyrirhuguðum framkvæmdum við jarðgöng undir Fjarðarheiði. Meðfylgjandi voru eftirfarandi gögn; sveitarfélagsuppdráttur (dags. 01.07.2022), þéttbýlisuppdráttur (dags. 01.07.2022) og greinargerð (dags. 01.07.2022).

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna með bréfi dags. 14. júlí 2022. Þar er nánar útlistað til hvaða mótvægisáðgerða stofnunin telur þörf á vegna þeirra fornleifa sem eru í hættu.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekur til breytinga í greinargerð, á þéttbýlisuppdrætti og á sveitarfélagsuppdrætti. Markmið breytingarinnar er fyrst og fremst að auka umferðaröryggi, tryggja greiðar samgöngur og bæta vegasamband. Breytingin er sett fram í fimm liðum:

1. Jarðgöng og jarðgangamunni

Fyrirhuguð jarðgöng munu liggja undir Fjarðarheiði og eru um 13.3 km löng frá gangamunna Seyðisfjarðar til gangamunna í Fljótsdalshéraði. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er gangamunni sýndur á uppdrætti við Fjarðarsel en sú staðsetning er ekki lengur ákjósanleg og hefur nýr gangamunni verið staðsettur nálægt núverandi vegi og norðan við Gufufoss. Gerð er breyting á þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti. Jarðgangamunni á þéttbýlisuppdrætti er tekinn út og í staðinn eru sett jarðgöng og jarðgangamunni inn á sveitarfélagsuppdrátt við Gufufoss.

2. Ný veglína og undirgöng

Áætlað er að svæði fyrir nýjan stofnveg verði frá jarðgangamunna við Gufufoss, norður fyrir núverandi vegstæði og tengist svo núverandi Seyðisfjarðarvegi við kirkjugarðinn. Breyting er gerð á þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti. Nýr stofnvegur skilgreindur frá gangamunna að þéttbýlinu á Seyðisfirði, vegurinn að skíðasvæðinu í Stafdal er skilgreindur sem tengivegur. Þá er gert ráð fyrir undirgöngum undir nýja veglínu og þau staðsett námunda við útivistarsvæði, þ.e.a.s. golfvöll og hestasvæði. Núverandi vegur mun

þjóna svæðinu í dalnum og mun tengjast nýrri veglínu með T-vegamótum neðan við kirkjugarðinn.

3. Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er skilgreind reiðleið frá hesthúsahverfi upp að svæði fyrir ofan golfvöll og athafnasvæði. Einnig eru skilgreindir göngustígar meðfram Fjarðará og upp að Gufufossi. Ný veglína kemur til með að þvera reiðliðina frá hesthúshverfinu en raskar ekki gönguleiðum. Á þéttbýlisuppdrætti eru skilgreindar nýjar göngu- og hjólaleiðir sem tengja endurbættan golfvöll og hesthúsbyggð við göngustígakerfi bæjarins.

4. Efnistökusvæði

Efnistökusvæðið er um 7.4ha að stærð og verður staðsett norðan við fyrirhugaðan gangamunna, upp undir skógræktarsvæði Selhjallskóg en þvert í gegnum svæðið liggur Seyðisfjarðarlína 1. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði og landbúnaðarsvæði. Breyting verður gerð á greinagerð þar sem skilmálar koma fram fyrir námu E13 Fjarðarheiðargöng og hún skilgreind sem tímabundið haugsetningarsvæði fyrir allt að 420.000m³ af efni. Á uppdrætti er efnistökusvæðið Fjarðarheiðargögn (E13) afmarkað inn á sveitarfélagsuppdrátt.

5. Opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafna- og iðnaðarsvæði.

Ný veglína frá gangamunna að þéttbýlinu kemur til með að þvera núverandi golfvöll og því er áformað að færa völlinn suður fyrir nýja veglínu. Hluti núverandi golfvallarsvæðisins verður nýtt áfram en að hluta til mun völlurinn verða byggður upp á óbyggðu svæði. Afmarkað er nýtt svæði norðan veglínu sem óbyggð svæði og að hluta til opin svæði til sérstakra nota. Austan við veglínu er afmarkað nýtt svæði til fyrir opin svæði til sérstakra nota. Vegna færslu á golfvelli er afmörkun á iðnaðarsvæðinu við Fjarðarselsvirkjun breytt lítillega. Breyting er einnig gerð á afmörkun athafnasvæðisins innan við kirkjugarðinn þar sem ný veglína þverar svæðið.

Í kafla 2.2 er fjallað um fornleifar og þar segir að fornleifaskráning hafi verið gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2020; *Fjarðarheiðargöng: Fornleifaúttekt* (skýrsla nr. FS827-20291). Rétt er að skýrslan er gefin út árið 2021. Viðbótarrannsókn var síðan unnin árið 2021 fyrir nyrsta hluta áætlaðar veglínu af Antikva ehf. og voru niðurstöður þeirrar skráningar birtar í skýrslu; *Fjarðarheiðargöng. Fornleifaskráning vegna breytinga á veglínu* (skýrsla gefin út árið 2021). Í kaflanum er gert grein fyrir fjölda minja og hverjar hafa verndargildi. Rétt er að vekja athygli á því að árið 2009 var einnig unnin fornleifaskráning í tengslum við aðalskipulagsgerð Seyðisfjarðarkaupstaðar af Bjarka Borgþórssyni og Ólafi Erni Péturssyni; *Fornleifaskráning Seyðisfjarðar. Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009-2029*. Sú skráning uppfyllir hinsvegar ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Í kaflanum kemur fram að óheimilt sé að raska fornleifum án leyfis Minjastofnunar auk þess sem vakin

er athygli á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um áður óþekktar fornleifar.

Í kafla 4.3 er fjallað um valkosti og umhverfisáhrif hveftrar breytingartillögu fyrir sig. Umhverfisáhrif framkvæmdanna á fornleifar eru metin neikvæð í breytingartillögu jarðganga og gangnamunna, nýrri veglínu og undirgöngum og efnistökusvæðum. Áhrif breytinga göngu-, hjóla- og reiðleiða er metin óveruleg og breyting vegna opinna svæða eru metin óviss en það er líklega sökum þess að ekki liggur fyrir fullgild fornleifaskráning fyrir þetta svæði.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram innan allra þessa svæða sem hér er verið að gera breytingu á heldur nær hún aðeins yfir áhrifasvæði fyrirhugaðrar veglínu og efnistökusvæða. Skráningin liggur ekki fyrir það svæði þar sem fyrirhugað er að stækka golfvöllinn auk þess sem hluti af nýjum gönguleiðum er einnig utan skráningarsvæða.

Vakin er athygli á því að óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis skv. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Þau svæði sem hér er verið að leggja til breytingar á liggja að hluta til utan skráningarsvæði fornleifa og því er þörf á fornleifaskráningu þessara svæða áður en framkvæmdarleyfi er gefið út. Einnig er vert að athuga hvort að frekari svæði séu utan þess svæðis sem fyrrnefndar fornleifaskráningar ná yfir svo hægt sé að tryggja að skráning fornleifa hafi farið fram innan allra svæða þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir ná yfir. Minjavörður er reiðubúinn til aðstoðar við að fara yfir hvort og þá hvaða svæði þyrfti að skrá nánar.

Varðandi kröfur Minjastofnunar varðandi mótvægisáðgerðir vegna fornleifa vísar Minjastofnun til umsagnar stofnunarinnar um umhverfismatið frá 14. júlí 2022. Óheimilt er að raska fornleifum án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun vekur athygli á því að deiliskipulagstillögur eða leyfi til framkvæmda þurfa að koma til umsagnar hjá stofnuninni sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki

megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Múlaþings (skipulagsfulltrui@mulathing.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.